

Vetrargisting

22. október 2016

KYNNINGARBLAÐ Stracta Hótel | Bed&Breakfast Keflavík Airport | Fosshótel Húsavík | Hótel Kjarnalundur



Kirkjufell í Eyrarsveit við Grundarfjörð er stundum kallað sérkennilegasta og jafnvel fegursta fjallið á Snæfellsnesi. Hægt er að ganga hringinn í kringum fjallið á þremur klukkutímum.

Vetrarríkið Ísland

Fossar í klakaböndum undir dansandi norðurljósum eru heilmikið sjónarspil. Ísland getur skartað sínu fegursta yfir vetrartímann, ekki síður en á sólríkum sumardögum. Kjórið er að demba sér í ferðalög um landið þótt frostið býti.



Goðafoss í Skjálfandafhljóti í Bárðardal er tilkomumikill hvenær ársins sem. Hann er um 30 metra breiður og fyrir neðan hann rennur fljótið um hrikaleg klettagljúfur. Nýuppsett útsýnisplan er við fossinn og áhugaverður handverksmarkaður á bakkanum við brúna.



Dyrhólaey er sögð paradís fuglaskoðara og var friðlýst árið 1978. Mikilfenglegur stapinn stendur út í sjó og flæðir undir gatið, sem kallað er Tóin. Vitinn var reistur árið 1910.



Akureyri er rómantískur bær að heimsækja allan ársins hring og alls ekki leiðinlegt ef allt er á kafi í snjó. Þá laðar skíðasvæðið í Hlíðarfjalli marga að og úti-vistarparadís að finna í Kjarnaskógi.



Aldeyjarfoss er einnig í Skjálfandafhljóti og er umlukinn stórbrotnu stuðla-bergi sem tekur á sig alls kyns kynjamyndir.



Búðir á Snæfellsnesi eru meðal elstu verslunarstaða landsins og þaðan var stunduð útgerð og hákarlaveiðar. Búðakirkja var endurreist 1848 en flutt til og byggð eftir upprunalegum teikningum á árunum 1984-86.



Brúarfoss í Brúará er umlukinn fallettu birkikjarri og þangað er um tveggja kílómetra göngutúr frá Laugarvatnsvegi.



Eskifjörður er rúmlega þúsund manna sjávarþorp sem gaman er að heimsækja. Sjóminjasafn Austurlands er til húsa á Eskifirði og áhugavert steinasafn Sigurborgar og Sörens þar sem sjá má hrafntinnu, ópalberg-kristal og fleiri tegundir.



Norðurljósasýning er algeng við hótelið. Hægt er að njóta hennar frá heitum pottum við hótelið.



Hótel Kjarnalundur stendur í jaðri Kjarnaskógs, stutt frá Akureyri. Þar er mikil útivistarperla jafnt að sumri sem vetri.



Veislusalurinn á hótelinu tekur 100 manns. Frá honum er gríðarlega fallegt útsýni.



Herbergin á hótelinu eru öll vel búin og falleg.



Herbergin eru hvert með sínu lagi. Hægt er að velja um mismunandi stærðir.

Glæsilegt hótel í Kjarnaskógi

Hótel Kjarnalundur var opnað í Kjarnaskógi sumarið 2015. Hótelið er með 59 herbergi og stendur í helstu náttúruverlu Norðurlands, í aðeins 3,5 km fjarlægð frá Akureyri. Notalegt og afslappandi umhverfi með einstakri aðstöðu hvað varðar útiveru, heilsu og vellíðan.

Hildur Magnúsdóttir hótelsstýra segir að náttúran umvefji hótelið sem er fjölskyldurekið. „Hér er auðvelt að endurnærast í sneringu við náttúruna,“ segir hún. „Hótelið er í jaðri Kjarnaskógar sem er eitt vinsælasta útivistarsvæði Akureyringa. Í Kjarnaskógi, rétt ofan við hótelið, er meðal annars að finna upplýstar gönguleiðir, blakvöll, leiktæki og sérhannaða fjallahjólabraut svo dæmi sé nefnt. Á veturna er troðin göngubraut fyrir skíðagöngufólk í fallegu umhverfi,“ upplýsir hún. Geta má þess að hótelið er með upphitaða geymslu fyrir skíðabúnað.

Hægt er að velja um vel búin einstaklings-, tveggja og þriggja manna herbergi. Þau eru frá 12 fm upp í 50 fm svítu. Í svíttunni geta sex gyst endur hún er mikið tekin sem fjölskylduherbergi. Í anddyri er

bar og setustofa. Inni á hótelinu er sauna sem gestir hafa aðgang að. Hótelið er á fjórum hæðum. Gott aðgengi er fyrir fatlaða.

„Við erum með veitinga- og fundarsali með frábæru útsýni yfir fjörðinn. Salir sem henta vel til funda en auk þess hafa þeir verið leigðir fyrir árs hátíðir og aðrar veislur. Einnig henta þeir vel fyrir fyrirtækjahópa.“

Boðið er upp á hlaðborð alla daga á sumrin og jólahlaðborð í nóvember og desember. Þá er matur í boði fyrir hópa. Veitingasalurinn tekur 100 manns í sæti. Frá honum er gífurlega fallegt útsýni. Á sumrin er hægt að njóta veitinga utanhúss. Norðurljósin sjást mjög vel hjá okkur þar sem lítil ljósmengun er, við slökkvum einnig öll útljós svo við fáum þau beint í æð í heitu pottunum,“



Hildur Magnúsdóttir hótelsstýra.

”Hótelið er falin perla í náttúru-paradís. Stutt er að aka frá Akureyri. Allt um kring er fallegt útivistarsvæði, jafnt að sumri sem vetri. Hótelið býður upp á upphitaða geymslu fyrir skíðabúnað.

Hildur Magnúsdóttir

segir Hildur. Nýbúið er að setja upp heita potta við hótelið þar sem fólk getur slakað á og notið sín í náttúrunni. Þá má geta þess að fjölskrúðugt dýralíf er í kringum

hótelið, kanínur og fuglar.

Húsið hafði staðið autt í þrjú ár þegar fjölskyldan keypti það. Þau fluttu burt 400 tonn af steypu, sundlaug sem aldrei hafði verið tekin í notkun en með því gátu þau bætt við 22 nýjum herbergjum. „Við vildum gefa þessari földu perlu aftur líf enda er staðsetningin ævintýri líkust.“

Fyrir þá sem vilja komast í jóla-skap þá er Jólagaðurinn skammt frá hótelinu. Við Hrafnagil er góð sundlaug og einnig eru frábærar sundlaugar á Akureyri. Þá er stutt að fara í skíðaparadísina í Hlíðarfjalli.

Á hótelinu er lögð áhersla á notalega og persónulega þjónustu. Hægt er að skoða myndir á heimasíðunni www.kjarnalundur.is og á Facebook-síðunni Hótel Kjarnalundur, Akureyri.



Á hótelnarum er boðið upp á skemmtilegan bistró-matseðil sem samanstendur af smáréttum úr hráefni úr héraðinu.



Fosshótel Húsavík er nú orðið eitt stærsta hótél á Norðurlandi.



Náttúran og hafið voru innblástur við hönnun hótelsins.



Boðið var upp á 12 metra tertu til að fagna stækkun hótelsins í sumar.



Móttakan er afar fallega hönnuð, björt og notendavæn.

Stærsta ráðstefnuhótel Norðurlands

Eftir umfangsmiklar framkvæmdir sem lauk í sumar er **Fosshótel Húsavík** orðið stærsta ráðstefnuhótel Norðurlands. Í því eru 110 herbergi og átta ráðstefnusalir sem eru sérútbúnir fyrir funda-, ráðstefnu- og veisluhöld. Hótelíð er á besta stað í bænum, örstutt frá iðandi höfninni þar sem finna má spennandi veitingastaði og skemmtilega afþreyingu.

„Við buðum öllum Húsavíkum í kaffi og tólf metra langa tertu þegar framkvæmdunum lauk í sumar og það mæltist vel fyrir enda Húsavíkingar góðar minningar úr þessu húsi,“ segir Óskar Finnsson, framkvæmdastjóri rekstrarviðs Fosshótela. Hótelstýran, Jóna Sigurðardóttir, er sam-mála því. „Hótelíð á sér rótgróna sögu í bæjarlífinu enda var það upphaflega félagsheimilið hér á Húsavík. Því var síðar breytt í Hótel Húsavík og Fosshótel tóku við árið 2006,“ upplýsir hún og segir aðeins frá breytingunum sem gerðar hafa verið á hótelinu.



Óskar Finnsson, framkvæmdastjóri rekstrarviðs Fosshótela.



Jóna Sigurðardóttir, hótélstýra Fosshótel Húsavík.

„Það var árið 2014 sem byrjað var á þeim framkvæmdum sem lauk nú í sumar. Elstu herbergin voru uppgerð og kláruð á síðasta ári og nýjasta álman með 44 nýjum herbergjum og glæsilegum fundasölum var opnuð núna í júní.“

„Björn Skaftason arkitekt sá um endurhönnun hótelsins og tókst einstaklega vel upp. Lögð er áhersla á náttúruleg efni á borð við stuðlaberg og dró hann einnig innblástur frá sjávarlífinu sem einkennir svo bæinn,“ segir Óskar.

Hann segir mikla áherslu lagða á góða upplifun gesta á hótelinu. „Til dæmis var ákveðið að hafa svæðið í kringum móttökuna og barinn mjög opið, aðlaðandi og notendavænt. Þar er líf og fjör enda viljum við fyrst og fremst að fólk hafi gaman hjá okkur.“

Hráefni úr héraði

„Á móttökubarnum erum við með bistróseðil sem hefur vakið mikla lukku frá því við opnuðum í júní, bæði hjá gestum hótelsins og hjá heima-fólki sem hefur tekið okkur opnum örmum,“ segir Jóna. Óskar segir hugmyndina hafa verið að gera eitthvað öðru-vísi. „Á Húsavík eru fullt af flottum veitinga-stöðum en við ákváðum þess í stað að bjóða upp á skemmtilega smárétti sem allir eru búnir til úr hráefni sem finnst í nærumhverfinu. Þar má nefna hreindýra-börger, grafna gæs, silung og svartfugl. Þetta eru sniðugir réttir og gaman að panta marga til að smakka,“ segir hann og

bætir við að ætlunin sé að opna annan flottan veitingastað á hótelinu næsta vor.

Glæsileg fundaðstaða

Ein stærsta breytingin með hinum nýju salarkynnum er sú að nú er Fosshótel Húsavík orðið stærsta fundahótel á Norðurlandi með 110 herbergjum og átta sölum. „Við viljum gera Húsavík að funda- og ráðstefnu-svæði Norðurlands enda ekki að finna jafn mikla og fína aðstöðu annars staðar,“ segir Óskar en fundarsalirnir eru allt frá litlum fundarherbergjum og upp í stóran sal sem getur tekið upp undir 400 manns í standandi veislur. Þá eru, að sögn Óskars, allir salirnir búnir nýjustu tækni.



Hressst starfsfólk Fosshótels Húsavík.

Frá rómantík til ráðstefna

Á Fosshóteli Húsavík er að finna aðstöðu fyrir allar tegundir viðburða. „Hér er hægt að halda stórar ráðstefnur, halda afmæli, koma í óvissuferðir og halda brúðkaups-veisluna og nutu þess sem Húsavík og nærumhverfi hafði upp á að bjóða. Þeim fannst frábært að geta haft allt á einum stað.“

Jóna segir einnig tilvalið fyrir þör að koma til Húsavíkur í rómantíska helgarferð. „Hingað er flogið tvisvar á dag alla daga nema laugardaga og flugið tekur aðeins 50 mínútur. Því er hægt að fara á fljúga hingað á föstudegi og heim á sunnudegi,“ segir Jóna.

Við breytingarnar á hótelinu hafa einnig orðið til skemmtileg

og rómantísk rými. „Í tengiþyngun milli elsta og nýja hlutans eru stórir gluggar með gott útsýni bæði til fjalla, yfir bæinn og flóann. Á þriðju og fjórðu hæð eru falllegar setustofur þar sem gaman er að fá sér kósí drykk og horfa á norðurljósin,“ segir Jóna og bætir við að verið sé að útbúa útsvæði á þriðju hæðinni sem muni nýtast afar vel í góðum veðrum næsta sumar.

Líflegur bær

Margt er um vera á Húsavík enda hefur ferðamönnum fjölgad ört undanfarin ár. Óskar og Jóna segja því nóg við að vera fyrir gesti hótelsins bæði sumar og vetur. „Húsavík er orðið þekkt fyrir sínar flottu hvalaskoðunarferðir. Þá eru þar skemmtilegir veitingastaðir, stutt er í norðurljósaðöðin á Laugum og jarðböðin á Mývatni. Þá er einnig hægt

að fara á gönguskíði, skoða Dettifoss eða fara í snjósleðaferðir,“ segir Óskar. Jóna bendir einnig á skemmtileg söfn á borð við Hvalasafnið, Safnahúsið og Könnunarsafnið.

„Vissir atburðir í bænum eiga sér fastan sess á hótelinu. Til dæmis er árlega haldið jólahlaðborð eldri borgara af Norðausturlandi og Húsavíkurfestival fatlaðra á Norðurlandi en í húsinu eru til dæmis sérhönnuð herbergi með góðu aðgengi fyrir fatlaða,“ segir Jóna.

Í dag er einnig skemmtilegur viðburður á hótelinu. „Við tókum þátt í landkönnunarhátíð Könnunarsafnsins með því að halda hátíðarkvöldverð. Forseti Íslands mætir auk þess sem þangað kemur geimfarinn Scott Parazynski sem hefur farið fimm sinnum út í geim,“ lýsir Jóna.

Aðrir fastir liðir eru jólahlaðborð hótelsins. „Það eru enn nokkur sæti laus á síðasta hlaðborðið þann 10. desember en hin tvö eru þegar orðin uppbökuð.“

Framtíðin er björt

Óskar segir að þau líti björtum augum til framtíðar. „Við sjáum fyrir okkur að Fosshótel Húsavík verði eitt af þungavigtarhótelum á landsbyggðinni. Við höfum allt sem til þarf, aðstöðu, góðan mat, falleg herbergi og nálægð við miðbæinn og fagra náttúru.“

Hægt að bóka gistingu og jólahlaðborðið á www.fosshotel.is eða með því að senda tölvupóst á bokun@fosshotel.is og husavik@fosshotel.is Fyrir hópa og ráðstefnur má senda póst á meetings@fosshotel.is.

Vaknað í rólegheitunum fyrir flug

Gestir **Bed & Breakfast Keflavík Airport** á Ásbrú taka því rólega morguninn fyrir flug. Hægt er að velja úr nokkrum stærðum herbergja og eru fjölskylduherbergin vinsæl. Innfalið í verði er morgunmatur og akstur til og frá flugvelli sem er í sjö mínútna fjarlægð.

Gistiheimilið Bed & Breakfast Keflavík Airport hefur verið rekið á Ásbrú í Reykjanesbæ í nokkur ár. Það er einungis í sjö mínútna fjarlægð frá Keflavíkflugvelli og því kjörinn gististaður fyrir þá sem eru að fljúga til útlanda en vilja taka því rólega kvöldið fyrir flug og ná afslöppuðum morgni áður en lagt er af stað út í heim að sögn Alexandru Cruz Buenano, markaðsstjóra gistiheimilisins.

„Við bjóðum upp á stórt gistiheimili með rúmlega 70 herbergjum. Boðið er upp á nokkrar stærðir herbergja, frá tveggja manna upp í sex manna fjölskylduherbergi. Þrátt fyrir stærðina kappkostum við að veita góða og persónulega þjónustu þannig að gestum líði eins og heima hjá sér. Þúsundir Íslendinga hafa gist hjá okkur í ár og finnst þetta frábær valkostur í stað þess að vakna um miðja nótt heima hjá sér og leggja bílnum með tilheyrandi kostnaði uppi á flugvelli.“

Innfalið í gistingu á Bed & Breakfast Keflavík Airport er geymsla á bíl, gestum er skutlað á flugvöll og þeir sóttir við heimkomu og boðið er upp á ljúffeng-



Boðið er upp á nokkrar stærðir herbergja sem öll hafa sérbaðherbergi.

an morgunmat sem hefst nógu snemma svo allir þeir sem eiga morgunflug nái honum. Boðið er upp á nokkrar stærðir herbergja og nefnir Alexandra sérstaklega fjölskylduherbergin. „Þau eru sérstaklega hentug stærri fjölskyldum enda afar stór og rúmgóð. Foreldrar tala oft um hvað það er gott

að vakna í rólegheitum með börnin morguninn fyrir flug og leggja af stað í ferðalagið án þess að vera í einhverju stressi. Öll herbergin okkar hafa sérbaðherbergi og frítt þráðlaust net er á öllum herbergjum.“

Vegna mikillar fjölgunar reglulegra viðskiptavina var stofnaður



Afgreiðslan er vinaleg og heimilisleg. Frítt þráðlaust net er á öllum herbergjum.

sérstakur fríðindaklúbbur. „Aðild veitir 12% afslátt af gistingu, ef pantað er símleidis eða með tölvupósti, og 10% afslátt af drykkjum í móttöku. Hægt er að skrá sig í klúbbinn á vefnum en nokkrar ókeypis gistinætur eru dregnar út yfir árið. Aðild veitir auk þess afslátt á nokkrum veitingastöðum

og ýmissi afþreyingu á Suðurnesjum.“

Það borgar sig að bóka tímanlega í síma 426 5000 eða senda tölvupóst á netfangið booking@bbkeflavik.is.

Nánari upplýsingar má finna á www.bbkeflavik.com.

Hotel WEST

Aðalstræti 62, 450 Patreksfjörður
Tel. +354 892 3414 • +354 456 5020

For more information and reservations:
www.hotelwest.is • stay@hotelwest.is
Or simply call us: +354 892 3414 • +354 456 5020



Vetrarkvöldin eru oft falleg í nágrenni Stracta Hótel Hellsu en þaðan er stutt í helstu náttúruperlur Suðurlands.

Í nánd við náttúruna

Stracta Hótel Hellsu er tilvalinn áningarstaður fyrir þá sem vilja upplifa og njóta þess sem Suðurland hefur upp á að bjóða. Hótelinu býður upp á fjölbreytta gistingu, góðar veitingar og nánd við margar náttúruperlur.

Stracta Hótel Hellsu er búið fjölbreyttri og góðri aðstöðu til hvíldar og afþreyingar yfir vetrartímann eins og aðra tíma ársins. Að sögn Hreiðars Hermannssonar hótelsstjóra er lögð mikil áhersla á að koma til móts við óskir hvers og eins viðskiptavinar þegar kemur að verði og gæðum. „Því er boðið upp á einstaklega fjölbreytt úrval af gistingu í fallegu og rómantísku umhverfi auk ólíkra sala sem henta undir fundi, ráðstefnur og ársátíðir. Í garði hótelsins eru auk þess tíu heitir pottar, sauna og baðhús sem gestir nýta vel.“

Veitingastaður er á efri hæð hótelsins sem býður upp á góðan matseðil sem byggir að mestu á hráefni úr nágrenninu. „Matseðillinn er auk þess í stöðugri endurskoð-

un og tekið er mið af óskum og þörfum gesta. Frá veitingasalnum er útsýni yfir nær allan fjallahring Suðurlands sem fer vel með ljúffengum veitingum. Á jarðhæð hótelsins er auk þess bistró en þar er áhersla lögð á heilsusamlegan mat.“

Nátengt náttúrunni

Auk fjölbreyttra gistingu og ljúffengra veitinga er stutt í margar náttúruperlur. „Við rekum bíla-leigu hér við hótelið með ýmsum gerðum bíla. Héðan er stutt í náttúruperlur á borð við Vestmannaeyjar, Vík, Skógafoss, Seljalandsfoss, Eyjafjallajökul, Þórsmörk, Landmannalaugar, Heklu, Gullfoss, Geysi og svo mætti lengi telja. Að auki seljum við þyrfluferð-

ir, jöklaferðir, hestaferðir og ýmsa aðra afþreyingu.“

Hreiðar segir einkunnarorð hótelsins vera „Next door to nature“ eða „Í nánd við náttúruna“ sem eigi svo sannarlega vel við. „Gestir sem dvelja á hótelinu hafa möguleika á að skoða allar náttúruperlur Suðurlands í stuttum dagsferðum í stað þess að aka frá Reykjavík í hverja ferð. Fjölbreytni í verði og gæðum á gistingu kemur til móts við óskir allra. Stracta Hótel Hellsu er því tilvalinn áningarstaður fyrir þá sem vilja upplifa og njóta þess sem Suðurland hefur upp á að bjóða í vetur, sem og á öðrum árstímum.“

Nánari upplýsingar má finna á www.stractahotels.is og á Facebook.

Egils Guesthouse Kaupangur

Dekurdagar í Borgarnesi
Tilvalið fyrir hópa, saumaklúbba, vinnustaði

Í gistiheimilinu Kaupangi eru 7 herbergi og gisting fyrir 12-15 manns. Í Kaupangi er salur sem tekur 24 gesti í sæti. Auk þess bjóðum við uppá gistingu í tveimur öðrum húsum að Egilsgötu 6 og 8 undir nafni Egils Guesthouse. Við bjóðum hópum upp á að leigja húsin og salinn fyrir fundi og einkasamkvæmi. Í boði að kaupa auka dekur þjónustu, jóga tíma, hárgreiðslu og alxlanudd. Hafið samband fyrir verð og pantanir. Netfang: info@egilsquesthouse.is Gsm: 8606655

Egils Guesthouse Egilsgötu 6 & 8, og Brákarbraut 11, 310 Borgarnesi
Sími: 860 6655 netfang: info@egilsquesthouse.is

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísí og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á vísir.is/íbl eða beint í gegnum [App Store](https://itunes.apple.com), [Google Play](https://play.google.com) og [Microsoft](https://www.microsoft.com)

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft